



# Sjúkrahúsið á Akureyri

~ fyrir samfélagið ~

## Forstöðulæknir í myndgreiningalækningum

Laus er til umsóknar staða forstöðulæknis í myndgreiningalækningum við Sjúkrahúsið á Akureyri. Myndgreiningadeildin veitir fjölþætta þjónustu og nær þjónustusvæðið til Norður- og Austurlands. Deildin er mjög vel tækjum búin. Auk almennra röntgentækja eru á deildinni ný tölvusneiðmyndataeki (CT) og segulómtækni (MR) auk þess sem gerðar eru brjóstamyndatökur (hópskoðanir), beinþéttimælingar og ómskoðanir á deildinni. Staðan veitist frá 1. desember 2019 eða eftir nánara samkomulagi. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri bráða- og þróunarsviðs.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

Forstöðulæknir veitir myndgreiningalækningum faglega forstöðu, ber rekstrarlega ábyrgð og starfsamannaábyrgð. Forstöðulæknir ber ábyrgð á kennsluhlutverki og tekur þátt í klínisku starfi, vaktaskylda fylgir starfinu.

### Hæfnikröfur:

Umsækjendur skulu hafa íslenskt lækningaleyfi og fullgild réttindi í myndgreiningalækningum. Auk faglegrar reynslu, fræðilegrar þekkingar og reynslu af stjórnun og kennslu er lögð áhersla á leiðtoga-hæfileika og hæfileika á sviði samskipta, samvinnu og sjálfstæðra vinnubragða.

### Frekari upplýsingar um starfið:

Umsóknum skal skilað rafrænt á vef sjúkrahússins [www.sak.is](http://www.sak.is). **Laun eru samkvæmt kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.** Umsóknum skulu fylgja ítarlega upplýsingar um nám og starfsferil ásamt með upplýsingum um fræðilegar rannsóknir, rit- og kennslustörf og staðfest afrit af fylgigögnum. Stöðunefnd lækna, sbr. 35. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007, metur hæfni umsækjenda. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu á þeim, innsendum gögnum og umsögn stöðunefndar. **Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MED 1. NÓVEMBER 2019

UMSÓKNIR: [SAK.IS/ATVINNA](http://SAK.IS/ATVINNA)

Nánari upplýsingar um stöðuna veitir Hildigunnur Svavarsdóttir, framkvæmdastjóri bráða- og þróunarsviðs í síma 4630100 eða tölvupósti [hildig@sak.is](mailto:hildig@sak.is).

Sjúkrahúsið hefur hlotið alþjóðlega gæðavottun á starfsemi sinni.

